



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 11. október 2021
Málsnr. 2102010
PBG/HH

Efni: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.

Á 529. fundi stjórnar SSH, hinn 4. október 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins / málsnr. 2102010


Á 525. fundi stjórnar var samþykkt að halda áfram vinnu við verkefnið sbr. tillögur sem komu fram í minnisblaði verkefnastjóra. Þar skyldi skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar skyldi horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hafði farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis. Formaður og framkvæmdastjóri SSH áttu fund með atvinnu- og nýsköpunarráðherra í júní 2021 til að ræða aðkomu ráðuneytisins. Fyrirliggjandi er tölvupóstur skrifstofu ferðamála og nýsköpunar dags. 7. september 2021 um aðkomu ráðuneytis að stofnun áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þá er fyrirliggjandi minnisblað verkefnastjóra dags. 30. september 2021 um fjármögnun og tekjumódel fyrir árið 2022. Inga Hlín Pálsdóttir verkefnastjóri og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstóri eru gestir fundarins undir þessum lið. Inga Hlín Pálsdóttir kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Ofangreint verði sent til kynningar og umræðu hjá aðildarsveitarfélögum. Jafnframt verði þeim sveitarfélögum sem þess óska boðið upp á sérstaka kynningu um málið. Í framhaldi af því verður málið tekið fyrir á ný hjá stjórn.

Óskir um kynningar, sbr. framangreint, berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- Minnisblað Ingu Hlínar Pálsdóttur, dags. 30. september 2021.
- Tölvupóstur ANR, dags. 7. september 2021.